

1861.

Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 19. dag febrúarm. 1861.
Undir Vorri Konunglegu hendi og innsigli.

17. aprilm. 18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
norður- og austurumdæminu, um fjárverði vegna
fjárkláðans.

Í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra amtmáður, 20. febrúarm., er síðast leið, hafa þeir Kristján kammer-ráð Kristjánsson, sýslumaður í Húnavatnssýslu, Jósep hérads-læknir Skaptason og fl. farið þess á leit, að með því fjárkláðinn, á þann hátt að ísjárvert megi þykja, hafi á ný gjört vart við sig í Gullbringu og Kjósarsýslum og í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu, þá skuli nú í vor og í sumar komanda settir fjárverðir á hentugum stað, til þess að varna samgöngum milli fjár úr suðurumdæminu við fê úr vesturumdæminu og norður-umdæminu, er alls enginn kláði sè í tveim þessum síðast nefndu umdæmum.

Um leið og þér senduð hingað bænarskrá þessa, mæltuð þér með því, að stjórnin annaðist málið, og bættuð að eins við það þeim athugasemdum, að reynsla undanfarinna ára hafi að fullu sannfært yður um, að aðskilnaður fjár og verðir sè, eptir því sem til hagar á Íslandi, eina ráðið til að varna útbreiðslu og viðgangi sýkinnar, en að þér hafið ekki sèð yður fært að taka bænarskrána til greina uppá yðar eigin ábyrgð, bæði vegna þess, að jafnaðarsjóður norður- og austurumdæmisins sè í töluverðri skuld við ríkissjóðinn, og svo þess vegna, að setja yrði að líkindum verðina fyrir utan ummerki þessa umdæmis, helzt á takmörkunum milli hinna sýktu og ósýktu sveita í Borgarfjarðar sýslu.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að þarèð menn ætla, eptir því sem segir í skýrslu stiptamtmanns, sem dagsett er 24. f. m., að sýkin sè hætt í suðurumdæminu, þykir dómsmálastjórninni ekki vera ástæða til

að gjöra neinar ráðstafanir útaf bænarskrá þeirri, sem að ofan er getið. En ef svo skyldi breytast, frá því sem nú er, að yður, herra amtmaður, kynni virðast nauðsyn til bera, að gjörðar séu slíkar ráðstafanir sem bent er á í bænarskránni, eigið þér að leita til hinna amtmannanna á Íslandi, er í dag hefir verið ritað um þetta efni, um þær framkvæmdir, er að þessu lúta, og koma yður saman við þá bæði um það, hvernig vörðunum skuli hagað, og hvernig kostnaður til þeirra skuli niður koma, en hann verður að lenda á umdæmunum sjálfum, og má eigi búast við neinum styrk til þeirra úr ríkissjóðnum¹.

1861.
17. aprilm.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, 23. aprilm. um póstmálefni Íslands.

Þegar fjárstjórnin var búin að lýsa því yfir við dómsmálastjórnina, í heiðruðu bréfi 10. októberm. 1858, að hún yrði að halda það óráðlegt að fá aðalpóststjórninni í hendur stjórn hinna íslenzku póstmálefna, þá varð að sleppa þeirri fyrirætlun, að minnsta kosti fyrst um sinn, að sameina þessi póstmálefni við hin almennu póstmálefni alríkisins. Síðan hefir verið skipuð nefnd manna í Reykjavík árið 1859, og voru í henni allir amtmennirnir á Íslandi, landfógetinn, og einn maður er alþingi kaus; var það ætlunarverk nefndar þessarar að búa til uppástungur um fyrirkomulag póstmálefna á Íslandi, og um póstferðir milli konungsríkisins og Íslands. Eftir að nefndin var búin að senda hingað uppástungur sínar, var samið í dómsmálastjórninni frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland, um sendingar með póstum.

Það er nú áform dómsmálastjórnarinnar, að leggja frumvarp þetta fyrir alþingi það, er haldið verður þetta árið, til þess það segi um það álit sitt, en áður en þetta sé gjört, hefir

1) Sama dag var stiptamtmaninum yfir Íslandi og amtmanninum yfir vesturumdæminu ritað um málefni þetta. Var þeim sent eptirrit af bænarskránni og bréfi amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, og gefið til vitundar hverju amtmanninum hefði verið svarað.